

18. nóvember 2024

## **Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu**

Íbúaráð Vesturbæjar fagnar að fá góða aðstöðu fyrir grenndarstöð með djúpgámum. Mikilvægt er að huga sérstaklega að aðkomu barna og ungmenna á svæðið og öryggi þeirra. Íbúaráðið bendir á að sjálfsagt er að hafa forstöðumann Vesturbæjarlaugar með í samráði þegar hanna á útfærslu og aðkomu að lauginni. Íbúaráðið hvetur til að halda íbúafund þar sem breytingar verða kynntar og íbúum gefst kost á að koma með tillögur og ábendingar að nýtingu græna svæðisins í kringum laugina.